

Fundargerð 422

Föstudaginn 14. nóvember 2014 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Páll Baldursson (varamaður), Reynir Arnarson (varamaður), Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Pétur Grétarsson lánasérfræðingur (við dagskrárlið 5), Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnfram ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og bauð fundarmenn velkomna. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014
3. Starfs- og rekstraráætlun 2015
4. Áhættustefna Byggðastofnunar – til kynningar
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Lán fyrirtækja í eigu kvenna
7. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi
8. Brothættar byggðir – framhaldið
9. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 421 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

AP upplýsti að Hótel Mývatn ehf., sem er í eigu sömu aðila og Bör ehf. og var eigandi Skútustaða þegar nauðungarsala fór þar fram, hefði nú höfðað mál um sama sakarefni og Bör ehf., þ.e. um lögmati lána Byggðastofnunar sem skuldbreytt hafði verið úr verðtryggðum lánum í erlenda mynt.

2. Staða verkefna og rekstrar skv. starfsáætlun 2014

SBS fór yfir verkefni á þróunarsviði, þar helst um byggðaáætlun 2014-17, fjölda ríkisstarfsmanna og norðvesturnefndina.

AP upplýsti um fund sem hann og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra áttu á Djúpavogi. Í gær kom umsókn vegna Djúpavogs og Stöðvarfjarðar í verkefnið Brothættar byggðir.

EGK fór yfir verkefni fyrirtækjasviðs.

AP og MH fóru yfir rekstur stofnunarinnar til loka október. Þeir fóru yfir einstaka liði í almennum rekstrarkostnaði og gerðu grein fyrir helstu frávikum frá áætlunum og ástæðu þeirra. HÁ fór yfir rekstur fullnustueigna.

Óskað var eftir því að framsetningu á rekstri fullnustueigna yrði breytt á þann veg að seldar eignir yrðu teknar til hliðar og greinanlegt yrði tekjuflæði hverrar eignar.

3. Starfs- og rekstraráætlun 2015

AÐ fór yfir starfs- og rekstraráætlun ársins 2015. Drög að starfsáætluninni voru rædd á síðasta stjórnarfundum og komu athugasemdir frá stjórnarmönnum milli funda. Farið var yfir helstu verkefni, umfang þeirra og áherslur.

Matarhlé var gert milli kl. 12:04-12:30.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun vegna ársins 2015 og var hún samþykkt samhljóða.

4. Áhættustefna Byggðastofnunar – til kynningar

AÐ kynnti áhættustefnu og áhættureglur Byggðastofnunar. Í áhættustefnunni og áhættureglunum felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæla eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum.

Stefnan var lögð fram til kynningar og verður rædd á næsta fundi og lögð fram til staðfestingar. Verður þar m.a. lögð fram hugmyndir að skiptingu á milli landshluta, atvinnugreina og undirgreina þeirra.

5. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 28/14, 22. október 2014

AÐ fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 29/14, 29. október 2014

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 30/14, 5. nóvember 2014

AÐ fór yfir fundargerðina. PG kom á fundinn.

...

PG vék af fundi.

Fundargerð lánanefndar nr. 31/14, 10. nóvember 2014

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

...

6. Lán fyrirtækja í eigu kvenna

EGK fór yfir minnisblað um lán til fyrirtækja í eigu kvenna. Lagt er til að Byggðastofnun verji allt að 200 mkr. til sérstakra lána til fyrirtækja í eigu kvenna með eftirfarandi skilyrðum:

- Lán þessi verða eingöngu veitt fyrirtækjum sem eru a.m.k. 50% í eigu kvenna og undir stjórn kvenna. Krafa er um að verkefnið leiði til aukinnar atvinnusköpunar kvenna.
- Lán skal ekki vera undir 1 mkr. og hámarkslán er 10 mkr. Hægt er að samþykkja hærra lán ef trygg veð eru fyrir fyrir hendi samkvæmt hefðbundnu lánshæfismati.
- Almennar reglur um gögn sem skila þarf inn fyrir umsóknir hjá Byggðastofnun gildir fyrir þessi lán. Fyrir lán að upphæð 1 – 4,9 mkr. er ekki skilyrði að veð sé fyrir láninu en fyrir lán að upphæð 5 – 10 mkr. er gerð krafa um veð s.s. í tækjum og búnaði.
- Skilyrði er að fyrirtækið sé komið á það stig að það sé farið að geta greitt af lánum (af þróunarstigi) og að umsókn fylgi vel gerð og ítarlega unnin viðskiptaáætlun.
- Veitt eru lán fyrir stofn- og rekstrarkostnaði, tækjakaupum og kaupum á búnaði, allt að 70%.
- Lánstími getur verið allt að 10 ár og verið annað hvort jafngreiðslulán eða með jöfnum afborgunum.
- Vextir eru 5% vttr. eða 2,5% álag ofan á REIBOR vexti.
- Framlag í varasjóð fyrir þessum lánum væri 5 – 20% en fer eftir tryggingum fyrir láninu.
- Skilyrði að fyrirtækið geri samning um ráðgjöf hjá atvinnuþróunarfélagi eða við sjálfstætt starfandi ráðgjafa fyrir fyrstu 2 – 3 rekstrarárin.

Samþykkt samhljóða

7. Uppfærðar verklagsreglur um útlánastarfsemi

Frestað til næsta fundar.

8. Brothættar byggðir – framhaldið

SKP kom á fundinn og sagði frá vinnu við verkefnið Brothættar byggðir. Fundað hefur verið með öllum umsækjendum en ljóst er að ekki er hægt að keyra öll verkefni samtímis. Lagt er til að engri umsókn verði hafnað en umsækjendum hefur verið gerð grein fyrir því að ekki sé hægt að taka öll svæði inn í einu heldur verði að forgangsraða. Eftirfarandi forgangsroðun er því lögð fram:

1. Kópasker
2. Flateyri, Þingeyri Suðureyri
3. Strandabyggð, Árneshreppur, Dalabyggð
4. Hofsóss, Grímsey, Hrísey

Nýverið hafa einnig borist umsóknir vegna Djúpavogs og Stöðvarfjarðar. Ákveðið er að áfram verði unnið að þróun og útfærslu verkefnisins með atvinnuþróunarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga. Stjórn Byggðastofnunar leggur áherslu á að tryggð verði aðferðafræði verkefnanna með íbúafingum og verkefnisstjórn í einstökum verkefnum.

SKP vék af fundi.

9. Aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri

AÐ fór yfir minnisblað um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri og Þingeyri. Artic Oddi ehf. hefur tilkynnt stofnuninni að fyrirtækið muni hætta bolfiskvinnslu á Flateyri. Stjórn felur forstjóra að rifta samningi vegna aflamarks á Flateyri og auglýsa að nýju eftir samstarfsaðilum um vinnslu allt að 300 þorskígildistonna. Á Þingeyri stendur umsókn Valþjófs ehf. ein eftir. Samþykkt var að Valþjófi verði gefinn frestur til 1. desember n.k. til að koma með útfærðar hugmyndir um fyrirhugaða vinnslu á Þingeyri og með hvaða hætti fyrirtækið hyggst afla hráefnis. Samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Tilboð í Sveinbjarnargerði IIC og IID

Fjögur tilboð hafa borist stofnunni í Sveinbjarnarnargerði IIC & IID, Svalbarðsstrandarhreppi. HÁ leggur til við stjórn að öllum tilboðum verði hafnað en tilboðsgjöfum verði gefið færi á að hækka boð sín.

Samþykkt samhljóða.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 15. desember nk. á Akureyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:02

Magnús Helgason, fundarritari

